

HELGISÖGNIN UM WESAK

Í rótum Himalaja-fjallgarðsins í Tíbet, er dalur allhátt yfir sjávarmáli gyrtur háum fjöllum á allar hliðar nema til norðausturs, en þar opnast skarð inn í fjallgarðinn. Dalurinn er flöskulaga, með hálsinn í norðaustur, en víkkar mikið í átt til suðurs. Nálægt norðurenda dalsins er gríðarstór flatur klettur. Hvorki tré né runnar eru í dalnum, en hann er þakinn grófgerðu grasi og fjallshlíðarnar vaxnar viði.

Um það leyti sem tungl er fullt í maí, taka pílgrímar frá nærliggjandi héruðum að safnast þar saman, helgir menn og lamar fylla suðurhluta og miðbik dalsins, en skilja norðausturhlutann eftir tiltölulega auðan. Þar safnast saman hinar miklu verur sem eru verðir Áforms Guðs til handa plánetunni og mannkyninu. Hver nöfn við gefum þessum verum skiptir ekki meginmáli. Hinn kristni trúmaður kýs e.t.v. að tala um Krist og kirkju hans og telur þá vera hina fjölmörgu votta er ábyrgjast frelsun mannkynsins. Dulhyggjumenn nefna þá trúlega meistara viskunnar, Helgistjörn plánetunnar, sem á sínum mismunandi stigum er stjórnað af Kristi, meistara allra meistara og fræðara jafnt engla sem manna. Við getum kallað þá „*Rishis*“ eins og gert er í trúarritum Hindúa, eða Samfélag uppljómaðra huga eins og í tibetskum fræðum. Þeir eru fullkomnir menn sem hafa fetað í fótspor Krists og komist inn fyrir fortjaldið, og þannig gefið okkur fordæmi til eftirbreytni. Með visku sinni, kærleika og þekkingu, eru þeir sem varnarveggur umhverfis mannkynið; þeir leitast við að leiða okkur fram á við, skref fyrir skref, eins og þeir voru leiddir á sínum tíma, frá myrkri til ljóss, frá óraunveruleika til raunveruleika og frá dauða til ódauðleika.

Þessi hópur þekkjenda guðdómsins eru aðalþátttakendur Wesak hátíðarinnar. Þeir raða sér upp í norðausturhluta dalsins í sammiðja hringi, í samræmi við stöðu sína og vígslustig, og búa sig undir mikilvæga þjónustu. Fyrir framan klettinn standa þær verur sem nefndar eru af lærisveinum sínum hinir *þrír miklu lávarðar*. Þeir eru Kristur, sem stendur í miðju, honum á hægri hönd er Manúinn, lávarður hinna lifandi forma, og til vinstri lávarður siðmenningarinnar. Þeir þrír snúa að klettinum, en á honum er stór kristalsskál full af vatni.

Fyrir aftan meistarana, fullnuma, vígsluhafa og eldri starfsmenn Áforms Guðs eru leitendur á sínum mismunandi stigum og í mismunandi hópum, ýmist „í eða utan líkama“ svo vitnað sé í orð Páls postula, en þeir mynda á þessum tíma hinn Nýja hóp heimsþjónenda. Þeir sem þarna eru í jarðneskum líkómum hafa ratað þangað eftir venjulegum leiðum. Aðrir eru þarna í andlegum líkómum sínum og í draumaástandi.

Er tunglið nálgast fyllingu færast kyrrð yfir mannfjöldann og allir líta til norðausturs. Sérstakar helgisiða athafnir fara fram þar sem hópar meistara og lærisveina þeirra af öllum stigum taka sér táknaða stöðu og mynda mikilvæg tákni og form á flötum dalsins, svo sem fimmarmastjörnu með Krist standandi á efsta punkti, eða þríhyrning með Krist á toppnum; eða kross og önnur vel þekkt form sem öll hafa djúpa og máttuga merkingu. Allt þetta fer fram undir hljómi sérstakra tónaðra orða og esoterískra setninga sem nefnast möntrur.

Eftirvænting fjöldans, sem bíður og horfir á, eykst stöðugt og spennan er veruleg og vex jafnt og þétt. Svo er að sjá sem örvun eða öflug sveiflutíðni streymi í gegnum sérhvern mann og hafi vekjandi áhrif á sálir þeirra; tengir og samlagar hópinn í eina sameinaða heild og lyftir öllum í mikilli athöfn sem einkennist af andlegri þrá, löngun og eftirvæntingu. Þetta er hástig þroskalöngunar heimsins, sameinuð í þessum eftirvæntingarfulla hóp. Þessi þrjú orð – þrá, löngun og eftirvænting – lýsa best hugblæ þeirra sem staddir eru í þessum afskekktu dal.

Sönglið og háttbundin hrynjandin fléttast saman og færast í aukana og þátttakendur og áhorfendur líta til himins í átt til þrengri hluta dalsins. Um það bil fimm mínútum áður en tunglið er fullt kemur í ljós á himni örlítill depill í fjarska. Hann færast nær og nær, og útlínur skýrast, þar til mynd Búddha kemur í ljós, sitjandi með krosslagða fætur íklæddur saffranlitum kyrtli, baðaður ljósi og litum og með framrétta hönd til blessunar. Þegar hann ber yfir stóra klettinn, svífandi yfir höfðum hinna þriggja miklu lávarða, tónar Kristur möntru sem aðeins er farið með á þessari hátíð einu sinni á ári og allir í dalnum falla fram á ásjónu sína.

Þetta ákall kemur af stað mikilli sveiflutíðni eða hugrænum straumi af slíkum styrk að hann nær frá hópi leitenda, lærisveina eða innvígðra sem með það fara, upp til Guðs sjálfs. Á þessari stundu nær öflug viðleitni alls ársins hámarki og andleg áhrif og örvun mannkynsins endist alla næstu mánuði. Áhrifin frá Ákallinu mikla eru hnattræn og alheimsleg og þjóna þeim tilgangi að tengja okkur við þá alheimslegu miðju andlegs krafts sem allar skapaðar verur koma frá. Blessunin streymir fram og Kristur - sem fulltrúi mannkynsins – veitir henni viðtöku til varðveislu og útbreiðslu.

Þannig, segir helgisögnin að Búddha snúi til baka einu sinni á ári til að blessa heiminn og miðla í gegnum Krist endurnýjuðu andlegu lífi. Búddha snýr hægt til baka þar til aðeins örlítill depill sést á himninum og hverfur síðan. Blessunar athöfnin frá því að Búddha fyrst birtist í fjarlægð og þar til hann hvarf úr sjónmáli tók aðeins átta mínútur. Árlegri fórn Búddha er lokið (það kostar hann mikið átak að koma til baka) og hann snýr aftur til þess háa sviðs hvar hann starfar og þjónar.

Ár eftir ár kemur hann blessandi; ár eftir ár starfa hann og hans mikli bróðir, Kristur, í náinni samvinnu mannkyninu til andlegs ávinnings. Í þessum tveimur sonum Guðs hafa tveir þættir guðlegs lífs verið sameinaðir og eru þeir sem verðir hinnar æðstu andlegu orku sem mannkynið getur andsvarað. Viska Guðs streymir í gegnum Búddha, kærleikur Guðs birtist mannkyninu í gegnum Krist, en það er þessi viska og þessi kærleikur sem úthellt er yfir mannkynið á hverju fullu tungli á Wesak.

Þegar Búddha er horfinn rísa allir á fætur, vatninu í skálinni er úthlutað í smáum skömmtum til meistaranna, vígsluhafa og lærisveina og þeir fara sína leið til síns þjónustu vettvangs. Fólkið, sem hefur tekið með sér litla bolla og vatnsílát, drekkur úr þeim og deilir með öðrum. Í þessari fögru *helgipjónustu vatnsins* höfum við fóligna táknaæna vísbendingu um nýja tímaskeiðið sem nú er hafið, Vatnsberaöldina. Það er öld *mannsins sem ber vatnsker* eins og Kristur vísaði til í aðdraganda kvöldmáltíðarinnar með lærisveinunum.

Í þessari helgiathöfn er að eilífu varðveitt sagan um altækan kærleika Guðs, þörfina fyrir hreinsun einstaklingsins og tækifærið til að deila með öðrum því sem tilheyrir öllum. Vatnið, sem orðið er segulmagnað vegna nærveru Búddha og Krists, hefur til að bera sérstaka kosti og læknanandi eiginleika. Þegar mannfjöldinn hefur þegið blessun dreifist hann hljóðlega. Meistararnir og lærisveinarnir snúa til baka af endurnýjuðum krafti til að takast á við nýtt ár heimsþjónustu.

Þannig hljóðar hin forna helgisögn.

Alice A. Bailey